

Rannsóknir og greining – nemendakönnun í grunnskóla

Hvað?

- Ungt fólk 5.-7. bekkur - árleg nemendakönnun
- Ungt fólk 8.-10. bekkur - árleg nemendakönnun
- Spurningar um þætti í lífi barna og unglunga um andlega og líkamlega heilsu, líðan, fjölskylduaðstæður, frístundaiðkun, áfengis- og vímuefnaneyslu, árangur í námi, líkamsrækt og þátttöku í íþróttastarfi, trúarskoðanir og mataræði. Einnig spurt um tengsl nemenda við jafnaldra, notkun þeirra á netmiðlum, lestur bóka og viðhorf þeirra til jafnréttis.

Hvernig?

- Rannsóknir og greining leggur kannanirnar fyrir árlega.
- Grunnskóli fær sendan hlekk og tengiliður skólans heldur utan um fyrirlögnina með því að fá nemendur til að taka þátt, en þátttaka þeirra er valkvæð.
- Viðhorfskönnunin byggir ekki á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins með því að nemendur sem eru mættir til skóla á degi fyrirlagnar taki þátt.

Hvenær?

- Könnun 5.-7. bekkjar er lögð fyrir á haustönn og kynnt í byrjun vorannar.
 - Ef viðbótarkönnun er lögð fyrir er það gert í byrjun vorannar.
- Könnun 8.-10. bekkjar er lögð fyrir á haustönn og kynnt í byrjun vorannar.
 - Ef viðbótarkönnun er lögð fyrir er það gert í byrjun vorannar.

Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður könnunar Rannsókna og greiningar geta verið gagnlegar til að ákveða áherslu í starfi kennara og nemenda. Vinna ætti umbótaáætlun út frá niðurstöðunum og mikilvægt er að kynna þær fyrir öllum hagsmunaaðilum, ásamt umbótum.

Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, þ.e. félagsfærni, sjálfsefning, læsi, heilbrigði og sköpun.
- Mælikvarðar úr viðhorfskönnun Rannsókna og greiningar sem hægt er að nýta fyrir áhersluþætti menntastefnunnar:

➤ **Félagsfærni**

Hlutfall barna sem fannst þau stundum eða oft vera einmana sl. viku
Viðhorfskönnun nemenda í 5.-7. bekk

➤ **Heilbrigði**

Hlutfall barna sem áttu stundum eða oft erfitt með að sofna sl. viku
Viðhorfskönnun nemenda í 5.-7. bekk

Úr viðhorfskönnun nemenda í 8.-10. bekk:

- Hlutfall unglunga sem drekka meira en eina dós/flösku af orkudrykk með koffíni á hverjum degi

- Kvarði fyrir kvíða/hlutfall í efri hluta kvíða kvarðans
- Kvarði fyrir þunglyndi/hlutfall í efri hluta þunglyndiskvarðans
- Hlutfall unglunga sem fannst þeir eiga erfitt með að sofna eða halda sér sofandi sl. viku
- Hlutfall unglunga sem sefur um 8 klst eða meira að jafnaði á nóttu
- Hlutfall stráka/stelpna í 9. bekk sem horfa nokkrum sinnum í viku til nokkrum sinnum á dag á klám
- Hlutfall unglunga sem hafa aldrei orðið drukkin um ævina
- Hlutfall unglunga sem hefur ekki prófað kannabisefni
- Hlutfall ungmenna sem hafa ekki neytt nikótín afurða sl. 30 daga/um ævina

➤ **Læsi**

Hlutfall ungmenna sem lesa aðrar bækur en skólabækur að meðaltali 2 klst eða meira í hverri viku - *Víðhorfskönnun nemenda í 8.-10. bekk.*

- [Gátlistar menntastefnu Reykjavíkur](#) eru gagnlegir skólum til að skoða/meta hvernig þeim gengur að efla þætti stefnunnar (innra mat/sjálfsmat). Skólar velja sjálfir hvort þeir noti gátlistana.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar á <https://rannsoknir.is/>
Til að hafa samband er hægt að senda fyrirspurn; <https://rannsoknir.is/hafa-samband/>
Tengiliður á skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er Guðrún Mjöll Sigurðardóttir guðrun.mjoll.sigurdardottir@reykjavik.is